

L Ö G

19

22. marz

um búfjárrækt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um nautgripærækt.

1. gr.

Kjósa skal þriggja manna nautgripakynbótanefnd í hverjum hreppi eða bæjarfélagi, þar sem hlutaðeigandi búnaðarfélag hefur ekki sett sér nautgripæræktarsamþykkt samkv. lögum þessum og ekki er heldur starfandi nautgripæræktarfélag, sem hefur fengið lög sín staðfest af Búnaðarfélagi Íslands.

Um kosningu í nefndina fer eftir sömu reglum og um kosningu í hreppsnefnd. Í bæjum skal kynbótanefnd kosin af bæjarstjórn. Þar, sem starfandi er nautgripæræktarfélag, sem í er meiri hluti kýreigenda, er stjórn þess sjálfkjörin nautgripakynbótanefnd.

Nú setur búnaðarfélag sér nautgripæræktarsamþykkt, eftir að kosin hefur verið nautgripakynbótanefnd, eða stofnað er sérstakt nautgripæræktarfélag, sem í er meiri hluti kýreigenda, og fellur þá starf nefndarinnar niður, en við tekur stjórn þess félags, er sett hafði samþykktina, eða þeir menn, er félagið hafði kosið til þess sérstaklega.

2. gr.

Kynbótanefnd skal sjá um, að jafnan séu til hæfilega mörg kyngóð og efni-leg naut til afnota fyrir hreppsbúa. Naut þau, er kynbótanefnd velur, skal hún, eftir því sem við verður komið, velja fyrir vorhreppaskilaping og á þeim tilkynna hreppsbúum, hver þau séu.

Heimilt er kynbótanefnd að kaupa naut eða taka á leigu eða semja um það á annan hátt, eftir því sem henni þykir bezt við eiga.

Heimilt er kynbótanefndum tveggja eða fleiri hreppa að vinna saman að kynbótum, t. d. með því að nota sömu kynbótanaut, sömu girðingar, hafa sama eftirlitsmann o. fl.

Leyft getur kynbótanefnd einstökum mönnum, sem vegna aðstöðu sinnar eiga óhægt með að nota kynbótanautin eða taka annan þátt í starfinu, að vera utan við það. Allir, sem ekki fá slíka undanþágu, eru skyldir til að taka sameiginlegan þátt í öllum kostnaði, sem leiðir af nautahaldinu, að rétttri tiltölu við tölu kúa með kálfi, sbr. 6. gr.

3. gr.

Bannað er að láta naut eldri en 7 mánaða ganga laus í afréttum eða í heima-högum. Þó getur kynbótanefnd leyft, að kynbótanaut gangi laus, ef öruggt þykir, að þau geti engan skaða gert. Sé um leigunaut að ræða og það er í vörzlu eiganda, ber hann ábyrgð á, ef tjón hlýzt af, en sé um leigunaut að ræða, sem kynbótanefnd sér um haga fyrir, ber hún ábyrgðina.

4. gr.

Öll naut, sem eru 7 mánaða eða eldri og ekki eru valin af kynbótanefnd til að vera notuð til undaneldis í hreppnum, skal gelda, gefa inni eða hafa í ör-

- 19 uggrí vörzlu yfir beitartíma kúnna. Brot gegn þessu varða sektum og skaðabótum, ef tjón hlýzt af, eftir nánari fyrirmælum, sem skulu sett í reglugerð. Taka má slík naut utan heimahaga eiganda, ef þau eru ekki í öruggri vörzlu, og fara með þau sem óskilafénað og selja án innlausnarfrests.
22. marz

5. gr.

Nú hittist naut, sem kynbótanefnd hefur auglýst, að notað skuli til undaneldis, gæzlulaust eða utan öruggrar vörzlu, og skal þá taka það í trygga geymslu og á hús og hey, ef þörf krefur.

Sá, sem tekur nautið, skal tafarlaust gera kynbótanefnd aðvart, og skal hún þá svo fljótt sem við verður komið taka nautið og greiða áfallinn kostnað. Hafi naut ekki verið í geymslu á ábyrgð kynbótanefndar, á nefndin rétt á endurgreiðslu frá þeim, er bar ábyrgð á geymslu þess. Hafi kynbótanefndin ekki vitjað nautsins innan hálfis mánaðar, skal sá, sem tók nautið í hald, afhenda það hreppstjóra, sem þá selur það með mánaðar innlausnarfresti.

6. gr.

Öllum árlegum kostnaði við nautahaldið, svo sem landleigu fyrir sumarhaga, vetrarfóðri, kostnaði við nautagirðingu, vöxtum og afborgunum af lánum o. s. frv., jafnar kynbótanefnd niður á allar kýr, sem haldið er undir naut í hreppnum á því ári, að undanskildum kúm þeirra manna, sem hafa fengið undanþágu frá að taka þátt í sameiginlegum kostnaði við nautahaldið, sbr. 2. gr. Hið niðurjafnaða gjald má taka lögtaki. Heimilt er nautgriparæktarfélagi að taka hærri nautstoll af utanfélagsmönnum.

Þóknun til kynbótanefndar ákveður hreppsfundur, ef um er að ræða, og telst hún með öðrum árlegum kostnaði.

Geti kýreigandi sannað, að kýr hafi ekki fest fang, þó haldið hafi verið, ber honum ekki að greiða nema hálfan nautstoll.

Heimilt er kynbótanefnd, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæða allra kýreigenda, að láta menn greiða nautstolla með fóðri eða heyi að nokkru eða öllu leyti, enda gangi það hlutfallslega jafnt yfir alla kýreigendur.

7. gr.

Kynbótanefnd skal bóka gerðir sínar, reikninga, bréf og annað. Á fundum nefndarinnar ræður afl atkvæða. Nefndarfundir eru löglegir og ályktunarfærir, þó að einn nefndarmann vanti, ef hinir tveir eru sammála.

Eftir hver áramót skal formaður nefndarinnar gera reikning yfir tekjur og gjöld nautahaldsins (sbr. 6. gr.), og skal reikningurinn endurskoðaður af endurskoðendum hreppsreikninga.

8. gr.

Búnaðarfélagi er heimilt að setja sér samþykkt um að vinna að kynbótum nautpenings í hreppnum, enda sé þar ekki starfandi nautgriparæktarfélag. Nú hefur búnaðarfélag ekki sett sér nautgriparæktarsamþykkt, og er þá minnst 6 bændum í hreppi heimilt að stofna með sér félag til þess að vinna að þessum kynbótum. Félög þessi nefnast nautgriparæktarfélög. Samþykktir búnaðarfélaga og nautgriparæktarfélaga skulu sniðnar eftir fyrirmynd, er Búnaðarfélag Íslands lætur þeim í té. Þegar búnaðarfélag eða nautgriparæktarfélag hefur sett sér samþykkt, sendir það hana stjórn Búnaðarfélags Íslands til staðfestingar.

9. gr.

Búnaðarfélag eða nautgriparæktarfélag, sem fengið hefur samþykkt sína staðfesta af stjórn Búnaðarfélags Íslands, getur fengið styrk til starfsemi sinnar,

eins og hér greinir, á hverja reiknaða ársjú, en tala slíkra kúa á hverju búi fæst með því að leggja saman fóður- og mjólkurskýrsludaga allra kúnna og deila í þá útkomu með 365: 19
22. marz

1. Kr. 1.00, ef ekki eru gerðar fitumælingar eða þær gerðar sjaldnar en þrisvar á ári.
2. Kr. 1.80, sé fitumagn mjólkurinnar úr hverri kú rannsakað minnst þrisvar á ári.
3. Kr. 2.50, sé fitumagn mjólkurinnar úr hverri kú rannsakað minnst sex sinnum á ári.

Styrkurinn greiðist eftir á, þegar félagið hefur sent Búnaðarfélagi Íslands skýrslur í því formi, er það krefst og nánar skal kveða á um í reglugerð.

10. gr.

Búnaðarfélög og nautgriparæktarfélög geta fengið, auk styrks þess, sem um ræðir í 9. gr., styrk til nautahaldsins, ef þau nota naut, sem eru að minnsta kosti tveggja ára gömul og hafa hlotið 1. og 2. verðlaun á nautgripasýningum, eða hafa verið viðurkennd þess verðug af nautgriparæktarráðunaut. Styrkur þessi er kr. 150.00 á 1. verðlauna naut og kr. 75.00 á 2. verðlauna naut. Styrkurinn greiðist árlega, á meðan nautin njóta þessara viðurkenninga. Heimilt er þó að greiða allt að 25% hærri fóðurstyrk á naut, sem óhjákvæmilegt er að ala inni yfir sumarið.

Þau félög, sem að dómi nautgriparæktarráðunautar hafa aðstöðu til að fá flestar kýr sínar sæddar frá starfandi sæðingarstöð, fá ekki fóðurstyrk á naut sín.

11. gr.

Búnaðarsambandi er heimilt að setja sér samþykkt um að vinna að hvers konar umbótum í búfjárrækt á sambandssvæðinu, þar á meðal nautgriparækt, og ráða til þess sérstakan héraðsráðunaut, shr. 73. gr., enda sé þar ekki fyrir starfandi nautgriparæktarsamband. Heimilt er nautgriparæktarfélagum í þeim búnaðarsamböndum, er ekki óska að sinna þessum verkefnum, að stofna með sér samband, ef þau hafa minnst 1000 kýr innan félaganna. Skulu þau þá setja sér samþykktir og starfsreglur, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir. Í þessum samþykktum sé m. a. ákveðið um sameiginlegt eftirlit félaganna, ættbókarfærslu beztu kýrstofnanna, framkvæmd fitumælinga, er eigi skulu vera sjaldnar en annan hvern mánuð, og spjaldbókarfærslu þeirra kúa, sem gefa yfir 13000 fitueiningar árlega.

Heimilt er búnaðarsamböndum og samböndum nautgriparæktarféлага að setja á stofn nautgripaupveldisstöðvar eða sæðingarstöðvar, en samþykkja skal Búnaðarfélag Íslands reglur um þessa starfsemi þeirra, shr. V. kafla.

12. gr.

Sambönd þau, sem um ræðir í 11. gr., njóta framlags úr ríkissjóði sem hér greinir:

1. Kr. 1.00 á ári á hverja reiknaða ársjú, sem skýrslur eru sendar yfir til Búnaðarfélags Íslands. Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að sambandið hafi fastan starfsmann, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir, eða héraðsráðunaut samkvæmt 73. gr., er jafnframt annast störf fyrir nautgriparæktarsambandið, þar sem það er starfandi.
2. Til nautgripaupveldisstöðva fá samböndin framlag, sem nemur kr. 75.00 á hvern nautkál, er það hefur á eldi, enda séu kálfarnir valdir í samráði við ráðunaut Búnaðarfélags Íslands í nautgriparækt og seldir við því verði, sem hann samþykkir.
3. Sæðingarstöðvar fá fóðurstyrk á öll naut á stöðinni, fyrstu og annarra verðlauna

19
22. marz

naut samkvæmt ákvæðum 10. gr., en ung naut, sem verið er að reyna, fá sama fóðurstyrk og 2. verðlauna naut samkv. 10. gr., enda séu þau valin í samráði við nautgriparæktarráðunaut.

13. gr.

Að tilhlutan Búnaðarfélags Íslands skal halda nautgripasýningu fjórða hvert ár í hverju búnaðarfélagi, sem hefur sett sér nautgriparæktarsamþykkt, og nautgriparæktarfélagi. Landinu skal skipt í 4 sýningarsvæði, og skal halda sýningar í þeim til skiptis. Til verðlauna á sýningum þessum leggur ríkissjóður fram kr. 0.50 fyrir hvern framtalinn nautgrip, gegn jöfnu framlagi annars staðar að. Skal fé þessu varið til verðlauna á kúm og 3. verðlauna á nautum. 1. og 2. verðlaun á nautum greiðast eingöngu úr ríkissjóði, og eru 1. verðlaun 150 kr. og 2. verðlaun 50 kr. Fyrstu verðlaun geta þau naut ein hlotið, sem eiga afkvæmi á sýningunni, sem tvímælalaust taka fram mæðrum sínum. Kúm skal veita 1., 2. og 3. verðlaun, og skal hæð þeirra ákveðin með reglugerð. Enn fremur er heimilt að veita einstökum kúm heiðursverðlaun, ef afkvæmi þeirra sýna, að þær hafa verulega kynbætandi áhrif á nautgripastofninn. Verðlaun þessi eru kr. 100.00 og greiðast úr ríkissjóði. Nautgriparæktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands er formaður dómnefnda á sýningum, sér um fyrirkomulag sýninga og úthlutar verðlaunum. Stjórnir nautgriparæktarfélaganna tilnefna meðdómendur á sýningar og greiða kostnað við framkvæmd þeirra.

14. gr.

Nú kemur búnaðarfélag, sem hefur sett sér nautgriparæktarsamþykkt, eða nautgriparæktarfélag sér upp girðingu til að geyma naut sín í sumarlangt, og skal þá greiða úr ríkissjóði allt að kr. 400.00 til hvern girðingar, þó aldrei meira en nemur efniskaupum. Ekki má styrkja fleiri en þrjár girðingar í sama hreppsfélagi.

II. KAFLI

Um sauðfjárrækt.

15. gr.

Búnaðarfélagi, þar sem ekki er starfandi sauðfjárræktarfélag, er heimilt að setja sér samþykkt um að vinna að kynbótum sauðfjár á félagssvæðinu, enda séu aldrei færri en 6 félagsmenn, er uppfylla þau skilyrði, er samþykktin áskilur.

Nú hefur búnaðarfélag ekki sett sér sauðfjárræktarsamþykkt, og er þá 6 mönnum eða fleirum í hreppi heimilt að stofna með sér félagsskap til að vinna að sauðfjárkynbótum, og kallast slík félög sauðfjárræktarfélög. Heimilt er að veita mönnum úr öðrum hreppi inngöngu í félagið, ef þar er ekki starfandi sauðfjárræktarfélagsskapur.

Lágmarkstala kynbótafjár hjá hverjum þátttakanda skal vera 8 ær, og enginn einn félagsmaður má eiga meira en helming kynbótafjárins.

Í samþykktum þeim, er hér um ræðir, skal tekið fram eftirfarandi:

1. Að halda skuli fóður-, afurða- og vigtarskýrslur fyrir kynbótaféð.
2. Að halda skuli ættbók fyrir kynbótaféð og merkja skuli hvern einstakling þess með einstaklingsmerki.
3. Ákveðið, hvernig haga skuli skýrsluhaldi, til að fá sem öruggasta vissu um erfðaeðli einstaklinganna.
4. Önnur atriði, er varða félagsskapinn.

Samþykktir, sem settar eru samkvæmt þessari grein, skal sníða eftir fyrirmynd, er Búnaðarfélag Íslands lætur félögunum í té. Þegar slík samþykkt hefur verið sett, skal hún send Búnaðarfélagi Íslands til staðfestingar.

16. gr.

19

22. marz

Félög þau, sem um ræðir í 15. gr., geta árlega fengið styrk úr ríkissjóði, eftir að þau hafa fengið samþykktir sínar viðurkenndar af Búnaðarfélagi Íslands. Styrkurinn rennur í félagssjóð og greiðist eftir á, þegar félagið hefur sent skýrslur um starf sitt til Búnaðarfélags Íslands. Hinn árlegi styrkur er kr. 50.00 fyrir hvern fyrstu verðlauna hrút og allt að 50 aurum á hverja kynbótaá, sem félagsmenn eiga og skýrslur eru haldnar yfir og sendar til Búnaðarfélags Íslands.

Sæðingarstöðvar, sem eru stofnaðar og starfræktar samkv. V. kafla þessara laga, fá árlega styrk úr ríkissjóði, sem nemur kr. 50.00 fyrir hvern hrút, sem notaður er þar og sauðfjárræktarráðunautur hefur samþykkt.

17. gr.

Auk þess, sem um getur í 16. gr., er heimilt að styrkja úr ríkissjóði allt að 8 sauðfjárræktarþú, tvö í hverjum landsfjórðungi, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, með allt að kr. 600.00 hvert, þó ekki yfir $\frac{2}{3}$ hluta móti hlutaðeigandi búnaðarsambandi eða framlagi annarra aðila. Auk þessa leggur ríkissjóður fram kr. 2000.00 árlega til að verðlauna þessi þú, eftir því sem nánar skal mælt fyrir um í starfsreglum, er viðurkenndar skulu af Búnaðarfélagi Íslands.

Fjárræktarþú þessi skulu fullnægja þeim skilyrðum, sem um ræðir í 1., 2. og 3. lið 15. gr., og öðrum ákvæðum, sem sett kunna að verða. Ef styrkþegi hættir að reka búíð, hefur Búnaðarfélag Íslands rétt til að ráðstafa kynbótafénu og skal ákveða, hvar búíð skuli starfa áfram, í samráði við þá aðila, sem einnig hafa styrkt búíð. Greiða skal fyrir fé búins með matsverði dómkvaddra manna.

18. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal hafa yfirumsjón með sauðfjárræktarþúum, og skulu þau haga skýrslugerð eftir fyrirmælum þess. Skylt er sauðfjárræktarþúunum að senda Búnaðarfélagi Íslands árlega skýrslu um störf sín, en það skal birta útdrátt úr þeim.

19. gr.

Bannað er að láta hrúta ganga lausa frá 5. nóvember til 20. apríl ár hvert. Heimilt er þó einstökum fjáreigendum að láta hrúta sína ganga með ám eftir 20. desember, ef tryggt er, að dómi hlutaðeigandi hreppstjóra, að hrútar þessir geti ekki valdið öðrum fjáreigendum tjóni. Verði þó tjón af þessum hrútum, eru eigendur þeirra skaðabótaskyldir.

20. gr.

Nú hittist gæzlulaus hrútur á tímabilinu, sem um ræðir í 19. gr., og er þá þeim, sem hrútinn sér, skylt að tilkynna það landeiganda, sem skal taka hann í vörzlu, og ef hann á ekki hrútinn, skal hann gera eiganda hans aðvart eins fljótt og við verður komið. Eigandi skal vitja hrútsins eða ráðstafa honum innan viku frá því að hann fékk tilkynninguna, en að þeim tíma liðnum skal farið með hrútinn eins og óskilafé.

21. gr.

Hrútasýningar skal halda í einstökum hreppum fjórða hvert ár, þar sem þess er óskað. Skal landinu skipt í fjögur sýningarumdæmi, og skal halda sýningar í þeim til skiptis.

Til verðlauna á sýningum þessum veitir ríkissjóður 2 aura á hverja framtalda kind í hreppnum, gegn jöfnu framlagi annars staðar að. Búnaðarfélag Íslands setur reglur um sýningarnar, og er ráðunautur þess í sauðfjárrækt sjálfkjörinn formaður sýningarnefndar, en hreppsnefnd kys tvo meðdómendur og annast undirbúning sýninganna.

19

22. marz

Heimilt er Búnaðarfélagi Íslands að láta halda afkvæmasýningar fyrir hrúta og ær annað hvert ár, eftir því sem við verður komið. Á þessum sýningum má aðeins sýna hrúta og ær frá þeim bændum, sem halda fullkomnar ættartölubækur og afurðaskýrslur að dómi sauðfjárræktarráðunautar.

Til verðlauna á sýningum þessum greiðir ríkissjóður allt að:

a.	fyrir fyrstu verðlauna hrút		kr. 50.00
b.	— annarra —		— 25.00
c.	— þriðju —		— 12.50
d.	— fyrstu —	á	— 10.00
e.	— annarra —	—	— 5.00
f.	— þriðju —	—	— 2.50

Enn fremur má veita fyrstu heiðursverðlaun, allt að kr. 100.00 á hrút.

Framlag ríkissjóðs samkv. þessari grein er bundið því skilyrði, að hlutaðeigandi búnaðarsamband eða sýslusjóður leggi fram jafnt framlagi ríkissjóðs.

Um skilyrði fyrir verðlaunaveitingum og um fyrirkomulag afkvæmasýninga skal ákveða með reglugerð.

III. KAFLI

Um hrossarækt.

23. gr.

Kjósa skal þriggja manna hrossakynbótanefnd í hverjum hreppi, þar sem hlutaðeigandi búnaðarfélag hefur ekki sett sér hrossaræktarsamþykkt samkvæmt lögum þessum og ekki er heldur starfandi hrossaræktarfélag með þátttöku meiri hluta hrossaeigenda, sem hefur fengið lög sín staðfest af Búnaðarfélagi Íslands. Um kosningu í nefndina fer eftir sömu reglum og um kosningu í hreppsnefnd.

Nú setur búnaðarfélag sér hrossaræktarsamþykkt eða stofnað er sérstakt hrossaræktarfélag með þátttöku meiri hluta hrossaeigenda, sem jörð hafa til ábúðar í hreppnum, eftir að kosning hrossakynbótanefndar hefur farið fram, og fellur þá starf nefndarinnar niður, en við því tekur stjórn þess félags, er sett hefur samþykktina, eða þeir menn, er félagið felur það sérstaklega.

Hrossakynbótanefnd skal annast þau störf, sem stjórn búnaðarfélags eða hrossaræktarfélags eru ætluð í lögum þessum. Farist kosning hrossakynbótanefndar fyrir, ber hreppsnefnd að annast störf hennar.

Í lögum þessum merkir orðið „stóðhestur“ ógeltan hest $1\frac{1}{2}$ árs eða eldri.

24. gr.

Stjórn búnaðarfélags, hrossaræktarfélags eða kynbótanefnd, sbr. 23. gr., skal sjá um, að árlega séu nógu margir og góðir stóðhestar, sem samþykktir eru af hrossaræktarráðunaut, til afnota fyrir hrossaeigendur. Stjórnin skal enn fremur útvega girðingar fyrir þá, koma þeim í fóður og sjá um annan kostnað, er af starfsemiinni leiðir. Þegar um er að ræða kaup á kynbótahesti eða að reisa nýja girðingu, þarf stjórnin samþykki lögmæts hreppsfundar, og er þá hreppsþjóði skylt að greiða að minnsta kosti helming kostnaðar. Öðrum kostnaði, sem leiðir af kynbótastarfsemi inni hreppsins, skal árlega jafna niður með hliðsjón af tölu fæddra folalda, og eru gjöld þessi lögtakskræf.

25. gr.

Sé enginn stóðhestur til í hreppi, geta hrossaeigendur, er þess óska, krafizt þess, að þeim séu tryggð afnot stóðhests í öðrum hreppi eða leyft að hafa stóðhest til notkunar.

26. gr.

19

Óheimilt er að láta stóðhest ganga lausan í heimahögum eða á afréttum, nema heimild til þess felist í lögum þessum.

Verði vart við slíkan hest, ber að handsama hann og flytja til hreppstjóra, er skal taka hann í gæzlu og standa skil á sanngjarnri greiðslu vegna fyrirhafnar og kostnaðar við handsömun. Sömu ákvæði gilda fyrir hesta, sem ekki er hægt að gelda vegna skapnaðargalla.

27. gr.

Finnist stóðhestur utan vörzlu, sem er merktur með bókstöfunum K eða L K á hægri lend, þá skal eiganda hans þegar gert aðvart. Finnist eigandi ekki innan viku, skal nálægum sýslumönnum tilkynnt um hestinn og hvaða mark sé á honum. Er þeim þá skylt að tilkynna markeiganda um hestinn. Jafnframt skal hesturinn auglýstur í útvarpi með marki, merki og einkennum. Gefi eigandi sig fram innan hálfis mánaðar frá auglýsingardegi, er heimilt að afhenda honum hestinn gegn greiðslu á áföllnum kostnaði, geti hann sannað heimild sína til að merkja hestinn með kynbótahestsmerki.

Finnist ómerktur stóðhestur eða merktur kynbótahestsmerki samkv. 28. og 29. gr. án heimildar, skal hreppstjóri selja hann á opinberu uppboði. Vitji eigandi andvirðisins innan 6 mánaða frá söludegi, skal honum greitt það að frádregnum öllum áföllnum kostnaði, annars rennur afgangur andvirðisins í sjóð búnaðarfélags þess hrepps, þar sem hesturinn var handsamaður. Sömu ákvæði gilda um merкта stóðhesta, sem ekki er vitjað á tilsettum tíma frá auglýsingardegi, sbr. fyrri málsg. þessarar greinar.

28. gr.

Þegar stóðhestar hafa hlotið 1. eða 2. verðlaun á héraðssýningum eða á afkvæmasýningum, skal hrossaræktarráðunautur gefa eigendum þeirra skriflega heimild til að merkja þá með kynbótahestsmerki, sem er K á hægri lend. Komi í ljós, að merktur stóðhestur er ekki til kynbóta að dómi hrossaræktarráðunautar, skal hann afnema heimildina. Hrossakynbótanefndir geta veitt leyfi til að merkja aðra stóðhesta með kynbótahestsmerki, ef ástæða er til og að fengnu leyfi hrossaræktarráðunautar.

Verði einhver uppvís að því að merkja stóðhest heimildarlaust með kynbótahestsmerkjum K eða LK (sbr. 29. gr.) á hægri lend, skal hann látinn sæta sektum samkv. 83. gr. þessara laga.

29. gr.

Heimilt er Búnaðarfélagi Íslands að veita hreppsfélögum, einu eða fleiri sam-eiginlega, undanþágu frá ákvæðum um einangrun stóðhesta á tímabilinu frá 1. maí til 1. október, ef það telur, að beartilönd þau, sem um er að ræða, séu svo einangruð, að öruggt megi teljast. Undanþágu þessa getur Búnaðarfélagið numið úr gildi með eins árs fyrirvara.

Til þess að undanþága þessi verði veitt skal liggja fyrir umsókn um hana frá hlutaðeigandi hreppsnefndum. Fyrst skal málið hafa verið rætt á almennum sveitarfundi og verið samþykkt þar af $\frac{2}{3}$ hlutum greiddra atkvæða hrossaiegenda og skal síðan hafa hlotið samþykki sýslunefnda þeirra, sem hlut eiga að máli.

Enn fremur skal fullnægja eftirtöldum skilyrðum, ef undanþága þessi er veitt: Stóðhestar þeir, sem sleppt er, mega ekki vera yngri en þriggja vetra, og skulu eigendur þeirra fá leyfi fyrir hvern hest. Skal hesturinn þá merktur greinilega með stöfunum LK á hægri lend og með númeri, sem ráðunauturinn ákveður, á þá vinstri.

30. gr.

Valdi stóðhestar, sem ganga lausir eða sleppa úr vörzlu, tjóni á búfé eða öðrum eignum annarra, er eigandi þeirra skaðabótaskyldur eftir mati dómkvaddra manna,

22. marz

19 ef ekki næst samkomulag um skaðabætur. Er hlutaðeigandi sveitarsjóður skyldur 22. marz að annast greiðslur þessara skaðabóta, ef þess er krafizt.

31. gr.

Við smölun og réttun að haustinu skulu gangnaforingjar og réttarstjórar hafa strangt eftirlit með því, að stóðhestar sleppi ekki úr stóðrekstrum, og séu þeir merktir, geta þeir krafizt skriflegra heimilda fyrir merkingu þeirra.

32. gr.

Búnaðarfélagi er heimilt að setja sér samþykkt um að vinna að kynbótum hrossa í hreppnum, enda sé þar ekki starfandi hrossaræktarfélag. Nú hefur búnaðarfélag ekki sett sér hrossaræktarsamþykkt, og er þá minnst 6 bændum í hreppi heimilt að stofna með sér félag til þess að vinna að þessum kynbótum. Félög þessi nefnast hrossaræktarfélag. Samþykktir búnaðarfélaga og hrossaræktarfélaga skulu sniðnar eftir fyrirmynd, er Búnaðarfélag Íslands lætur þeim í té. Þegar búnaðarfélag eða hrossaræktarfélag hefur sett sér samþykkt, sendir það hana stjórn Búnaðarfélags Íslands til staðfestingar.

33. gr.

Búnaðarfélag eða hrossaræktarfélag, er hefur fengið samþykkt sína staðfesta af Búnaðarfélagi Íslands, getur fengið styrk til kaupa á tveggja eða þriggja vetra kynbótahestum undan 1. verðlauna hryssum, sem hér segir:

Styrkur til kaupa á þriggja vetra stóðhesti er þessi:

200 kr., ef stóðhesturinn er undan hesti, sem fengið hefur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi;

150 kr., ef stóðhesturinn er undan hesti, sem fengið hefur 1. verðlaun fyrir afkvæmi;

125 kr., ef stóðhesturinn er undan hesti, sem fengið hefur heiðursverðlaun á héraðssýningu;

100 kr., ef stóðhesturinn er undan hesti, sem fengið hefur 1. verðlaun á héraðssýningu;

Styrkur til kaupa á tveggja vetra hesti er 50 kr. lægri í hverjum flokki en á þriggja vetra hesti.

Styrkurinn er enn fremur bundinn því skilyrði, að þriggja vetra hesturinn hafi hlotið 1. verðlaun, en tveggja vetra hesturinn 2. verðlaun á héraðssýningu eða viðurkenningu hrossaræktarráðunautar um að vera slíkra verðlauna verður.

Samkvæmt þessari grein skal ekki veita styrk nema einu sinni til kaupa á sama hesti.

34. gr.

Búnaðarfélag og hrossaræktarfélag geta fengið, auk styrks þess, sem um ræðir í 33. gr., fódurstyrk til stóðhestahalds, ef þau nota stóðhest, sem hlotið hefur heiðursverðlaun eða 1. eða 2. verðlaun á afkvæmasýningu. Styrkur þessi er 150 kr. á heiðursverðlaunahest, 100 kr. á 1. verðlauna hest og 50 kr. á 2. verðlauna hest. Styrkur þessi greiðist árlega, meðan hesturinn er notaður og nýtur þessarar viðurkenningar.

35. gr.

Búnaðarfélag, hrossaræktarfélag eða hreppsfélag, er láta reisa girðingu fyrir hrossakynbótastarfsemi, fá allt að 400 kr. styrk úr ríkissjóði á hverja girðingu að verkinu loknu, þó aldrei meira en nemur efniskaupum, enda sé fullnægt eftirtöldum skilyrðum:

1. að hrossaræktarráðunautur hafi viðurkennt nauðsyn girðingarinnar;

2. að land það, sem girt er, sé eign þess aðila, er styrksins nýtur, eða honum tryggð 19
full afnot á landinu með leigusamningi, er gildi eigi skemmri tíma en 15 ár; 22. mars
3. að landið sé vel fallið til hrossabeitar að dómi hrossaræktarráðunautar eða trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands;
4. að girðingin sé minnst 5 gaddavirsstrengir eða úr öðru jafngildu efni, t. d. rafmagnsgirðing, og ekki lægri en 135 cm;
5. að styrkþegi hafi skuldbundið sig með skriflegri yfirlýsingu að halda girðingunni við í að minnsta kosti 15 ár.

36. gr.

Þegar minni hluti af hreppi er í hrossaræktarfélagi og utanfélagsmenn vilja ekki vera í samvinnu við þá um kynbótastarfið, þá er þeim, sem í félaginu eru, ekki skylt að taka þátt í kostnaði af kynbótastarfi þeirra, sem utan félagsins eru.

37. gr.

Stjórnir hrossaræktarféлага eða kynbótanefndir skulu halda gerðabók, þar sem ritaðar eru allar ályktanir, reikningar, bréf og aðrar gerðir.

Reikningar kynbótastarfsins skulu árlega lagðir fram á aðalfundi og skulu endurskoðaðir með hreppsreikningum.

38. gr.

Hrossaræktarráðunautur skal, eftir því sem við verður komið, ferðast um meðal bænda á vorin og sumrin og leiðbeina þeim um val á stóðhestum og hryssum til undaneldis. Hann skal mæta á þeim sveitasýningum, sem hross eru sýnd á og búnaðarsamböndin efna til, komi fram ósk um það og því verði við komið. Hrossaræktarráðunautur er formaður dómnefnda á öllum sýningum, sem haldnar eru samkvæmt þessum kafla laganna. Í forföllum ráðunautar tilnefnir stjórn Búnaðarfélags Íslands mann í hans stað. Meðdómendur á hrossasýningum geta ekki veitt hrossi verðlaun gegn atkvæði ráðunautar, hann getur ekki heldur veitt hrossi verðlaun, nema helmingur meðdómenda sé því samþykkur.

39. gr.

Skipta má landinu í 4 sýningarsvæði og hrossasýningar haldnar fjórða hvert ár á eftirtöldum stöðum eða í grennd við þá:

1. Þjórsártúni fyrir sambandssvæði Búnaðarsambands Suðurlands.
2. Ferjukoti fyrir búnaðarsambandssvæðin milli Hvalfjarðar og Gilsfjarðar.
3. Sveinstöðum fyrir Húnavatnssýslur.
4. Sauðárkróki fyrir Skagafjarðarsýslu.
5. Hornafirði (Meðalfellsrétt) fyrir Austur-Skaftafellssýslu.

Enn fremur er Búnaðarfélagi Íslands skylt að halda sýningar á fleiri stöðum, ef þess er óskað af hlutaðeigandi búnaðarsamböndum eða sýslunefndum.

40. gr.

Til verðlauna á sýningum þeim, er um ræðir í 39. gr., leggur ríkissjóður fram 10 aura á hvert framtalið hross, gegn jöfnu framlagi frá hlutaðeigandi búnaðarsamböndum eða öðrum aðilum, þar sem sýningar eru haldnar. Skal verja fé þessu til að verðlauna hryssur og enn fremur stóðhesta, er hljóta 3. verðlaun á héraðs-sýningum. Mega þau ekki vera hærri en hér greinir:

Heiðursverðlaun á hryssu kr. 80.00;

1. verðlaun á hryssu kr. 25.00;

2. verðlaun á hryssu kr. 15.00 og

19

22. marz

3. verðlaun á hryssu kr. 7.00;

3. verðlaun á stóðhest kr. 30.00.

Verðlaun á aðra stóðhesta greiðast úr ríkissjóði og eru þau heiðursverðlaun kr. 200.00, 1. verðlaun kr. 100.00 og 2. verðlaun kr. 60.00.

41. gr.

Heiðursverðlaun má aðeins veita hrossi, sem er fulltamið og hefur sýnt, að það býr yfir ákjósanlegum eiginleikum að dómi hrossaræktarráðunautar, enda séu á sömu sýningu sýnd tvö eða fleiri afkvæmi þess, er hafa hlotið 1. eða 2. verðlaun.

1. verðlaun má ekki veita yngri hestum en þriggja vetra og þó því aðeins, að þeir séu tamdir og að minnsta kosti 142 cm háir (bandmál).

Hryssum má því aðeins veita 1. verðlaun, að þær séu 140 cm háar (bandmál) og nokkuð tamdar. Eigi má taka á sýningu yngri hesta en tveggja vetra og hryssur ekki yngri en 4 vetra.

42. gr.

Heimilt er að halda afkvæmasýningu fyrir stóðhesta, ef óskir koma fram um það og Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

Sýna skal undan hverjum stóðhesti ekki færri en 12 afkvæmi þriggja vetra og eldri og mæður þeirra, sem fylgja þeim á sýninguna. Verðlaun fyrir afkvæmi greiðast úr ríkissjóði, og eru þau þessi:

Heiðursverðlaun kr. 180.00;

1. verðlaun kr. 100.00;

2. verðlaun kr. 60.00;

3. verðlaun kr. 40.00.

Eigi má greiða heiðursverðlaun fyrir afkvæmi, nema helmingur þeirra sé taminn og sýni verðmæta kosti.

Heimilt er að endurtaka afkvæmasýningu einu sinni að 4 árum liðnum fyrir þá stóðhesta, er hafa hlotið 2. verðlaun.

Umsóknir um afkvæmasýningar skulu komnar til Búnaðarfélags Íslands fyrir 15. maí.

Stjórn hlutaðeigandi búnaðarsambands kýs 2 meðdómendur á afkvæmasýningu og greiðir þeim fyrir störf þeirra, en eigandi stóðhestsins leggur til sýningarstaðinn.

43. gr.

Samtökum hestamannafélaga er heimilt að halda landssýningu 4. hvert ár, í fyrsta skipti árið 1950, að fengnu samþykki Búnaðarfélags Íslands, þar á meðal fyrir sýningarstað og hvernig sýningunni skuli hagað. Verðlaun á þessum sýningum greiðast að hálfu úr ríkissjóði gegn jöfnu framlagi annars staðar að. Um upphæð verðlauna og önnur skilyrði fer samkvæmt ákvæðum 40. og 41. gr., eftir því sem við getur átt.

Umsókn um sýningarleyfi ásamt fullnægjandi upplýsingum skal vera komin til Búnaðarfélags Íslands fyrir 15. maí næstan áður en sýningin á að fara fram.

Samtök hestamannafélaga þeirra, er hafa á hendi forgöngu og stjórn þessara sýninga, skulu tilnefna 2 meðdómendur á sýningarnar.

Skrá skal sérstaka ættbók fyrir þau reiðhross, sem hljóta verðlaun á landsýningum þessum.

44. gr.

Hrossakynbótabúi ríkisins á Hólum í Hjaltadal er heimilt með samþykki Búnaðarfélags Íslands að kaupa úrvals kynbótahross handa búinu. Hross þessi mega

ekki vera yngri en 8 vetra og öruggt, að þau búi yfir verðmætum kostum, sem 19 erfast. Heimilt er að verja úr ríkissjóði 4000 kr. í þessu skyni fjórða hvert ár, í 22. marz fyrsta skipti árið 1949.

IV. KAFLI

Um svínarækt og alifuglarækt.

45. gr.

Þegar Búnaðarfélag Íslands hefur ráðið til sín ráðunaut í svínarækt og alifuglarækt, er landbúnaðarráðherra heimilt að láta setja á stofn kynbótabú í þessum greinum á bændaskólabúi eða öðru ríkisbúi, eftir því sem henta þykir að dómi Búnaðarfélags Íslands.

46. gr.

Á kynbótabúinu skal hreinrækta þau hæsnakyn og svínakyn, sem ráðunauturinn telur rétt að rækta hér á landi. Á búinu skal vera útungunarstöð til að framleiða kynbótahænsni til sölu.

47. gr.

Færa skal ættarskýrslur og afurðaskýrslur yfir svín og alifugla á kynbótabúinu undir eftirliti ráðunautarins, og gera skal samanburðartilraunir með fóðurþörf og afurðagetu hinna ýmsu kynja.

48. gr.

Eftir að bú þetta hefur verið stofnsett, hefur það rétt til að flytja útungunaregg til landsins til kynbóta eða tilrauna, enda sjái ráðunauturinn um, að búið fullnægi óskum alifuglaeigenda um að hafa til sölu fugla af þeim kynjum, sem óskað er eftir og reynsla hefur sýnt, að hentug séu til ræktunar hér á landi.

49. gr.

Heimilt er að halda einstaklinga- og afkvæmasýningar fyrir alifugla og svín, þar sem verðlaun eru greidd úr ríkissjóði, eftir nánari fyrirmælum, sem landbúnaðarráðherra setur í reglugerð eftir tillögum frá Búnaðarfélagi Íslands.

V. KAFLI

Um sæðingu búfjár.

50. gr.

Búnaðarsambönd, sem vinna að kynbótum búfjár með sæðisflutningum, svo og nautgriparæktarsambönd í þeim héruðum, þar sem búnaðarsambönd sinna ekki þessu verkefni, fá styrk úr ríkissjóði til þessarar starfsemi sem hér segir:

1. Stofnstyrk í eitt skipti fyrir öll, sem er $\frac{1}{3}$ byggingarkostnaðar sæðingarstöðvar, þar með talin verkfæri og allur útbúnaður, þó ekki yfir 15 þús. kr. á stöð. Enn fremur allt að $\frac{1}{3}$ árslauna sérfræðings í búfjarsæðingu, er Búnaðarfélag Íslands ræður til að koma starfsemi stöðvarinnar í fullt lag, þar á meðal kenna væntanlegum starfsmönnum töku og geymslu sæðis og sæðingu, enda annist stöðin sæðingu nautgripa og annarra búfjartegunda.

Nú er sæðingarstöð komið upp, er einungis annast sæðingu sauðfjár eða annarra búfjartegunda en nautgripa, og greiðir ríkissjóður þá allt að $\frac{1}{6}$ árslauna sérfræðings auk byggingarstyrks.

- 19 2. Rekstrarstyrk, er nemi allt að 3 kr. á hverja sædda kú, er fang fær, og 15 aur. á
22. marz hverja á, sem sædd er, þó ekki yfir 4000 kr. á ári á eina sæðingarstöð. Styrkur þessi skal þó ekki veittur nema notuð séu naut, sem hlotið hafa 1. verðlaun fyrir afkvæmi, eða ef verið er að reyna ung naut, sem nautgriparráðunautur mælir með.

Fyrir sæðingu áa skal þessi styrkur því aðeins greiddur, að notaðir séu hrútar, sem hlotið hafa viðurkenningu sauðfjárræktarráðunautar fyrir afkvæmi, eða eru fram úr skarandi einstaklingar af ræktuðum kynjum, enda hafi þeir fengið viðurkenningu sauðfjárræktarráðunautar til að vera notaðir á sæðingarstöð.

Vinni sæðingarstöð jafnframt að sæðingu fleiri búfjartegunda, er ríkissjóði heimilt að greiða styrk til þess, sem ákveðinn skal af landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

51. gr.

Stofn- og rekstrarstyrkur til sæðingarstöðva verður ekki veittur nema Búnaðarfélag Íslands hafi fallizt á nauðsyn þess, að stöðinni sé komið á stofn, og samþykki starfstilhögun hennar.

Stofnstyrk má aðeins veita einni sæðingarstöð í sýslu, nema Búnaðarfélag Íslands mæli með því og samþykki landbúnaðarráðherra komi til hverju sinni.

52. gr.

Þar, sem reknar eru sæðingarstöðvar, verða nautaupveldisstöðvar ekki styrktar úr ríkissjóði.

VI. KAFLI

Um ræktun erlendra búfjárkynja og blöndun þeirra við innlent búfé.

53. gr.

Búnaðarfélögum, búfjárræktarfélögum, tilraunabúum og einstökum bændum, sem færa sönnur á, að þau eða þeir haldi fullkomnar ættartölubækur yfir búfé sitt, er heimilt að fengnu leyfi stjórnar Búnaðarfélags Íslands að gera tilraunir með myndun nýrra búfjárkynja, með blöndun við innlend og erlend búfjárkyn, sem til eru í landinu eða verða flutt til landsins með sæðisflutningum eða á annan hátt.

Tilraunir þessar skulu gerðar undir eftirliti og í samráði við ráðunauta Búnaðarfélags Íslands í búfjárrækt, er heldur sérstaka skrá yfir leyfisveitingar þessar og árangur tilraunnanna á hverjum stað. Búnaðarfélag Íslands getur svipt leyfis- hafa fengnu leyfi, ef hann fullnægir ekki að dómi sauðfjárræktarráðunautar þeim fyrir mælum, er sett verða um þessa starfsemi.

54. gr.

Leiði ýtarlegar og margra ára endurteknar tilraunir með blöndun erlendra búfjárkynja við íslenskt búfé í ljós, að æskilegt muni vera að mynda ný kyn með framhaldsræktun kynblendingsanna, skal hlutaðeigandi ráðunautur setja reglur um, hvernig haga skuli ræktuninni og sölu gripa af hinu nýja kyni.

Ekkert undaneldisdýr af nýjum kynjum má selja nema það sé ættbókarfært og viðurkennt af hlutaðeigandi ráðunaut hjá Búnaðarfélagi Íslands eða fulltrúa hans.

55. gr.

Heimilt er bændum að framleiða einblendingsa til slátrunar og til ásetnings án þess að halda ættartölubækur, en þeim er óheimilt að selja, gefa eða afhenda á annan hátt slíka kynblendingsa til ásetnings.

56. gr.

Brot gegn því að verzla með eða afhenda óleyfilega kynblendinga af erlendum kynjum varða sektum, sem aldrei nemi minni upphæð en almennu gangverði hins selda eða afhenta fénaðar. Kynblendinga, sem seldir hafa verið eða afhentir í óleyfi, skal kaupandinn afhenda sýslumanni eða hreppstjóra, sem síðan ráðstafar þeim samkvæmt tillögum Búnaðarfélags Íslands.

19

22. marz

VII. KAFLI

Um forðagæzlu og fóðurbirgðafélög.

57. gr.

Í hverjum hreppi, þar sem ekki er starfandi fóðurbirgðafélag, skulu vera forðagæzlumenn, einn eða fleiri, til þess að hafa gát á fóðurbirgðum hreppsþúa og meðferð þeirra á búpeningi. — Sýslunefnd ákveður tölu forðagæzlumanna í hverjum hreppi eftir tillögu hreppsnefndar. Ef þeir eru fleiri en einn, getur hreppsnefndin skipt hreppnum í jafnmörg forðagæzluumdæmi, og hefur þá hver forðagæzlumaður sitt svæði til umsjónar.

58. gr.

Kjósa skal forðagæzlumenn og jafnmarga varamenn til 4 ára í senn, þegar hreppsnefndarkosningar fara fram. Gilda um kosningu þessa sömu reglur og um hreppsnefndarkosningar.

59. gr.

Skylt er forðagæzlumanni að fara minnst tvisvar sinnum um sveitina á hverjum vetri. Fyrri ferðinni skal vera lokið fyrir 15. nóvember, en þeirri síðari fyrir 20. apríl. Í hverri ferð skal forðagæzlumaður athuga vandlega fóðurbirgðir hjá bændum og fóðrun búfjárins.

Ef forðagæzlumaður telur einhver heimili í hreppnum vera í fódurþröng eða búfé vanfóðrað, skal hann tilkynna það hreppsnefnd, sem gerir þá nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta. Hreppsnefnd hefur heimild til að útvega fóður á kostnað hlutaðeigandi búfjáreiganda, en sveitarsjóður annast greiðslur til bráðabirgða, ef þörf krefur.

Forðagæzlumenn skulu gera skýrslu á þar til gerð eyðublöð um það, er lýtur að fódurásetningi búfjáreigenda, svo sem um fóðurbirgðir, tölu búpenings, skepnuhöld og fyrningar. — Skýrslu þessa skal forðagæzlumaður senda sýslumanni upp úr fardögum fyrir það fardagaár, sem þá er að enda, en sýslumaður leggur þær fyrir næsta sýslufund til athugunar. Skýrslurnar skal að því búnu senda Búnaðarfélagi Íslands, sem vinnur úr þeim í samstarfi við Hagstofu Íslands.

Fyrir starf sitt skulu forðagæzlumenn fá borgun eftir samkomulagi við hreppsnefndina, og greiðist hún úr sveitarsjóði.

60. gr.

Heimilt er sveitar- og bæjarfélögum að stofna fóðurbirgðafélög, og takmarkast félögin ætíð af hreppamörkum. Þegar slíkt félag er stofnað og tekið til starfa, er forðagæzlumaður leystur frá starfi sínu.

61. gr.

Verksvið fóðurbirgðafélaga er að tryggja það, að á hverju hausti sé til fóður fyrir búfé félagsmanna, sem nægi í hinum harðasta vetri, og að rannsaka, hvernig bændur eigi að fódra búfé sitt, svo að það gefi sem mestan arð, miðað við tilkostnað.

Stjórn fóðurbirgðafélags skal sjá um, að fódurskoðanir eigi sér stað eins oft og þurfa þykir. Skal sú fyrsta ætíð fara fram fyrir 15. nóvember.

19

22. marz

62. gr.

Þegar menn vilja koma á fóðurbirgðafélagi í hreppi eða kaupstað, þá skal sveitarstjórn boða til almenns sveitarfundar með nægum fyrirvara og leggja fyrir hann uppkast að samþykkt fyrir félagið. Atkvæðisrétt á þeim fundi hafa allir þeir, sem búfenað hafa á fóðrum í sveitinni. Sé fundur lögmætur og náí uppkastið samþykki $\frac{2}{3}$ hluta atkvæðisbærra fundarmanna, skal stofna félagið, og er þá uppkastið bindandi fyrir alla sveitarbúa, enda hafi verið tekið fram í fundarboði, að um þetta mál yrði rætt og greidd atkvæði um það. Samþykkt sveitarfundarins skal leggja fyrir næsta hlutaðeigandi sýslufund til samþykktar.

Samþykki sýslufundur samþykktaruppkast fóðurbirgðafélagsins óbreytt, skal sýslumaður senda það landbúnaðarráðuneytinu til staðfestingar. Breyti sýslufundur samþykktinni, skal bera hana með áorðnum breytingum undir atkvæði lögmæts hreppsfundar á sama hátt og í fyrra skiptið. Fallist sveitarfundur á breytingartillögur sýslufundar, skal uppkastið endursent sýslumanni, sem sendir það síðan áfram til ráðuneytisins. Að öðrum kosti er samþykktin fallin, nema gerðar séu á henni breytingar, og skal þá leggja hana fyrir sýslufund að nýju og aftur með fara á sama hátt og ný samþykkt væri.

Virðist landbúnaðarráðuneytinu samþykkt, sem því hefur verið send til staðfestingar, koma í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, endursendir það hana án staðfestingar ásamt synjunarástæðum. Að öðrum kosti staðfestir ráðuneytið samþykktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hvenær hún öðlast gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, sem í þeim hreppi eða kaupstað búa, sem hún er gerð fyrir. Samþykkt, sem ráðuneytið hefur staðfest, má ekki breyta á annan hátt en hún var stofnuð.

63. gr.

Fóðurbirgðafélagi stýrir þriggja manna stjórn, og eru tveir þeirra kosnir á aðalfundi félagsins til fjögurra ára í senn, en þann þriðja kýs hreppsnefnd til sama tíma, og er hann formaður félagsins. Stjórn félagsins sér um allar fjárreiður þess og framkvæmdir, og eru skuldbindingar hennar bindandi fyrir félagið.

64. gr.

Hvert það fóðurbirgðafélag, sem stofnað er samkvæmt lögum þessum og fullnægir fyrirmælum þeirra, nýtur árlegs styrks úr ríkissjóði, kr. 10.00 fyrir hvern bónda, sem í félaginu er. Enn fremur skal hlutaðeigandi sveitarsjóður leggja fram kr. 50.00 fyrir hvern félagsmann, og greiðir sveitarsjóður það á ekki lengri tíma en 10 árum með jöfnum greiðslum. Enn fremur skulu búfjáreigendur greiða árlegt gjald til félagsins eftir búfjárfjölda:

a. fyrir hvern nautgrip	40 aura
b. fyrir hvert hross	20 —
c. fyrir hverja sauðkind	4 —

Gjöld þessi eru lögtakskræf samkv. lögum nr. 29 16. des. 1885.

65. gr.

Skýlt er fóðurbirgðafélagi að stofna sjóð og leggja í hann tekjuafgang hvers árs. Stjórn félagsins lánar úr sjóðnum til fóðurkaupa fyrir félagsmenn.

66. gr.

Komi í ljós að lokinni skoðun, shr. 61. gr., að búfjáreigendur skorti fóður, getur stjórn félagsins lánað fé úr sjóðnum til fóðurkaupa, shr. 65. gr. Nægi sjóður félagsins ekki til fóðurkaupa, er félaginu heimilt lán úr bjargráðasjóði til þess, er

á vantar, þó ekki meira en nemur hluta hreppsins í sjóðsmynduninni, gegn 5% ársvöxtum og endurgreiðslu innan 5 ára.

19
22. marz

Skýlt er hreppsnefnd að ábyrgjast bráðabirgðalán og rekstrarlán fyrir félagið.

Til tryggingar láni, er stjórn félagsins eða hreppsnefnd veitir félagsmönnum eða hreppsbúum til að bjarga bústofni þeirra frá yfirvofandi felli, er bústofninn að lögveði fyrir láninu, þar til það er að fullu greitt, þó ekki lengur en 2 ár frá lántöku-degi. Lánþegi má ekki selja né ráðstafa á annan hátt bústofninum úr eigu sinni frekar en svo, að jafnan sé næg trygging í eftirstöðvum hans með vöxtum og kostnaði. Lögveð þetta gengur fyrir öllum öðrum veðböndum.

67. gr.

Gjalddagi iðgjalda er 1. desember. Reikningsár félagsins er almanaksár. Skýrsluárið er frá 1. október til jafnlengdar næsta ár.

68. gr.

Þegar sjóður fóðurbirgðafélags er orðinn svo stór, að hann nemur kr. 800.00 á hvern félagsmann, þá er félaginu heimilt með aðalfundarsamþykkt að létta af iðgjöldum samkvæmt 64. gr. að nokkru eða öllu leyti.

69. gr.

Stjórn fóðurbirgðafélags skal árlega senda Búnaðarfélagi Íslands skýrslu um starfsemi sína, eftir því sem Búnaðarfélag Íslands ákveður og tekið er fram í samþykkt félagsins.

Skýrsla þessi skal send til Búnaðarfélags Íslands fyrir júlilok, eftir að skýrslu-árinu lauk. Styrkur ríkissjóðs til fóðurbirgðafélaga greiðist, þegar skýrslur og reikningar þeirra hafa horizt til félagsins.

70. gr.

Ráðherra er heimilt, hvenær sem hann telur þess þörf, að krefjast skýrslu frá forðagæzlumönnum um það, hverjar horfur séu á fóðuröflun eða fóðurbirgðum í umdæmi þeirra.

71. gr.

Sýni búfjáreigandi mótþróa gegn ráðstöfunum forðagæzlumanns hreppsnefndar eða stjórnar fóðurbirgðafélags honum til hjálpar eða hefur þær að engu, en fénaður hans líður eða fellur úr hor sökum fóðurskorts, hirðuleysis eða harðýðgi þess, er hafði hann undir hendi, að álitu forðagæzlumanns eða stjórnar fóðurbirgðafélags, er þessum aðilum skýlt að tilkynna það tafarlaust sýslumanni, ásamt öllum mála-vöxtum, eða hreppstjóra og hann tilkynni það aftur sýslumanni.

72. gr.

Sá, er sekur verður um illa meðferð á skepnum samkv. 71. gr., skal sæta sektum frá 500 til 5000 kr. eða einföldu fangelsi allt að 6 mánuðum. Vanræki forðagæzlu-maður, hreppsnefnd eða stjórn fóðurbirgðafélags að gera sýslumanni eða hreppstjóra aðvart um ómannúðlega meðferð á skepnum, sem þeim er kunnugt um innan þess hrepps, varðar það sektum.

VIII. KAFLI

Um starfsemi héraðsráðunauta í búfjárrækt.

73. gr.

Búnaðarsamböndum er heimilt að ráða til sín búfjárræktarráðunaut, einnig nautgriparræktarsamböndum, ef hlutaðeigandi búnaðarsamband notar sér ekki heimild

- 19 þessa. Starfssvæði það, sem sérhverjum ráðunaut er ætlað, skal vera nægilega stórt að
22. marz dómi Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki landbúnaðarráðherra það. Sé starfssvið
ráðunautar minna en meðalsýslufélag, lækkar framlag ríkisins í hlutfalli við það.

74. gr.

Ráðunautastarfsemi þessa styrkir ríkissjóður með því að greiða $\frac{2}{3}$ launa ráðunautanna.

Til þess að styrkur þessi verði greiddur úr ríkissjóði verða búnaðarsamböndin að leggja fram þar á móti $\frac{1}{3}$ af launum ráðunautarins. Heimilt er búnaðarsamböndunum að ákveða á aðalfundi, að framlagi héraðsins skuli, að einhverju eða öllu leyti, jafnað niður á búfjáreigendur, enda hafi gjaldið áður verið samþykkt af meiri hluta félagsmanna í hreppabúnaðarfélagunum. Skal þeim þá falin innheimta gjaldanna, og eru þau lögtakskræf.

Geti einstök félög eða hluti sambandssvæðisins ekki notið starfskrafta héraðsráðunautar í búfjárrækt að dómi Búnaðarfélags Íslands, skulu félagsmenn þess svæðis undanþegnir gjaldinu.

Gjaldldagi þessara iðgjalda er fyrir 1. nóvember ár hvert, og skulu búnaðarfélagin hafa staðið hlutaðeigandi sambandi skil á greiðslunni fyrir 31. desember sama ár.

75. gr.

Hafi þeir aðilar, sem um ræðir í 73. gr., ákveðið að hefja starfsemi samkvæmt þessum kafla laganna og geta fullnægt þeim skilyrðum, sem sett eru, skulu þeir fá staðfestingu Búnaðarfélags Íslands á starfstilhöguninni.

76. gr.

Verkefni héraðsráðunauta í búfjárrækt skal meðal annars vera sem hér segir:

1. Vinna að því, að ákvæðum búfjárræktarlaganna sé framfylgt, stuðla að því, að búnaðarfélagin geri búfjárræktina samhliða jarðræktinni að aðalverkefni sínu, eða að stofnuð verði sérstök búfjárræktarfélag þar, sem þau eru ekki, ef það er líklegra til árangurs. Hafa eftirlit með þessum félögum og leiðbeina og aðstoða við skýrsluhald þeirra.
2. Ferðast um meðal bænda, eftir því sem við verður komið, skoða búfé þeirra og leiðbeina þeim með kynbætur, fóðrun og hirðingu þess. Þeir skulu enn fremur leiðbeina og aðstoða við kaup og sölu kynbótagripa.
3. Hafa umsjón með nautgripauppeldisstöðvum, sæðingarstöðvum og samböndum nautgriparræktarféлага, ef slík eru starfandi á svæðinu.
4. Mæta árlega á fundum hreppabúnaðarféлага og búfjárræktarféлага, ef þess er óskað og eftir því sem við verður komið, til að flytja þar fyrirlestra um búfjárrækt og félagsstarfsemi á því sviði.
5. Vinna í samvinnu við ráðunauta Búnaðarfélags Íslands í búfjárrækt að kynbótastarfsemi, framkvæmd búfjársýninga o. fl.

77. gr.

Ekki mega búnaðarsambönd ráða aðra menn til þessara starfa en þá, sem lokið hafa háskólaprófi í búfræði, nema að fengnu samþykki Búnaðarfélag Íslands.

Héraðsráðunautum skulu greidd laun samkvæmt VIII. launaflokki launalaganna.

78. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal annast greiðslur á fjártillagi ríkissjóðs til búnaðarsambandanna samkvæmt kafla þessum.

IX. KAFLI
Almenn ákvæði.

19

22. marz

79. gr.

Heimilt er að halda héraðssýningar fyrir annað búfé en hross, þegar hlutaðeigandi héraðsstjórnir óska þess, þó ekki oftast en fjórða hvert ár, að fengnu samþykki Búnaðarfélags Íslands. Fleiri sýslur en ein eða sýsluhlutar geta verið saman um sýningar þessar.

Styrkja skal slíkar sýningar að $\frac{2}{3}$ hlutum úr ríkissjóði og að $\frac{1}{3}$ hluta úr hlutaðeigandi sýslusjóðum, er hvort tveggja gangi til gripaverðlauna. Auk þess styrks, sem sýslusjóður veitir til gripaverðlauna, ber sýslunefnd að annast undirbúning sýninganna. Búnaðarfélag Íslands setur reglur um tilhögun héraðssýninga, er landbúnaðarráðherra staðfestir.

80. gr.

Allar greiðslur, sem um ræðir í lögum þessum, skulu greiddar að viðbættri verðlagsvísitölu kauplagsnefndar á hverjum tíma, og skal, þar sem því verður við komið, miða við meðalvísitölu ársins á undan.

81. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð í samráði við Búnaðarfélag Íslands, er ákveður nánar um framkvæmd laga þessara.

82. gr.

Verði ágreiningur um skilning á ákvæðum þessara laga, sker landbúnaðarráðherra úr, og er það fullnaðarúrskurður.

83. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá kr. 100.00 til kr. 5000.00 nema þyngri refsing liggí við að lögum. Sektarfé skal renna í sjóð þess búnaðarfélags, þar sem brotið er framið, ella í sveitarsjóð.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

84. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 44 frá 10. nóv. 1913, um forðagæzlu, og lög nr. 52 frá 8. sept. 1931, um búfjárrækt, og allar síðari breytingar, sem gerðar hafa verið á þeim lögum.

Gjört í Reykjavík, 22. marz 1948.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Bjarni Ásgeirsson.